



Unglingar semja nýtt lag og texta

Í samstarfi við þekkt íslenskt tónlistarfólk

Hugmyndir að verklagi við hópavinnu-texti

1. Horfa á myndbönd frá [Birgittu Haukdal](#), [Friðriki Dór](#) og [Unnsteini Manúel](#)
2. Ræða í minni hópum um hvað þau vilja að lagið fjalli. Kennari kallar eftir hugmyndum og hópurnir kemst að niðurstöðu um viðfangsefni til að semja um.
3. Kennari, einstaklingur eða hópur má senda inn lag/lög og texta. Íslenskur texti er skilyrði!

Hugmyndir að verklagi við hópavinnu

1. Velja tónlistarstíl, setja saman takta og laglínu með þeim hætti sem hentar.
2. Taka upp með þeirri tækni sem þau hafa aðgang að.
3. Senda má inn verk í vinnslu. Það má fá hugmynd frá gervigreind en skapa út frá því eigið verk.
4. Laginu skal skilað inn [í gegnum skilaform hér](#).

Hvað gerist svo?

1. Valnefnd velur þrjú af innsendum lögum til að vinna áfram.
2. Þekkt tónlistarfólk kemur í heimsókn í skóla þeirra sem eiga valin lög og útsetja í samstarfi við krakkana. Unnið verður með bekk eða valhóp.
3. Lagið verður frumflutt af íslensku tónlistarfólki á RÚV á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. .

Hugmyndir skulu berast inn í skilahólf fyrir 3. október.

Tilkynnt verður um valin lög til úrvinnslu fyrir 10. október. Heimsóknir listafólks í skólana verða á tímabilinu 13. - 23. október, samkvæmt samkomulagi. Skilahólf og upplýsingar um Málæði eru [hér](#).

Verkefnið er á  Instagram [@malaedi_og](#)  Tiktok [@malaedi_](#)



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið



List fyrir alla



RÚV